



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavík 15. júní 2022

Efni: Framkvæmd þvingunarúrræða

Umboðsmanni barna hafa borist þó nokkrar ábendingar vegna aðfarargerðar í forsjármáli sem framkvæmd var á Barnaspítala Hringins. Sjaldan reynir á beitingu afdrifaríkra úrræða af þessu tagi, en þau mál þar sem það kemur til greina, eru iðulega bæði flókin og erfið. Nær undantekningarlaust er um að ræða djúpstæðan og langvarandi ágreining foreldra sem er til þess fallinn að hafa mikil áhrif á barnið sem í hlut á hverju sinni. Þau börn sem um ræðir eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu og því er mikilvægt að byggt sé á skýru verklagi og að vandað sé til framkvæmdarinnar. Sýna þarf börnum sérstaka nærgætni og taka þarf tillit til skoðana þeirra, hagsmuna, þarfa og réttinda.

Með hliðsjón af framangreindu, óskar umboðsmaður barna eftir fundi með sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, til þess að ræða framkvæmd þvingunarúrræða samkvæmt ákvæðum barnalaga.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna